

# Samningur

um framlengingu og breytingar á kjarasamningi

## Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur  
samningsumboð fyrir

og

## Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

### Gildistími

1. desember 2008 – 31. ágúst 2009

---

**1. grein**  
**Breytingar á gildandi samningi**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009, með þeim breytingum sem þessi samningur felur í sér.

**2. grein**  
**Föst mánaðarlaun**

Frá 1. desember 2008 tekur gildi launatafla sbr. fylgiskjal 1.

**3. grein**  
**Persónuþpót**

Grein 1.7.1. fyrsta málsgrein hljóði svo:

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda persónuþpót 1. desember ár hvert sem nemur 27,9% af desemberlaunum í 18. lfl. 3. þrepi, skv. framangreindri launatöflu. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár.

**4. grein**  
**Sérstök orlofsþpót**

Orlofsþpót skal vera sem hér segir:

1. maí 2009 kr. 25.200.-

**5. grein**  
**Veikindi barna yngri en 13 ára**

Grein 12.8.1 hljóði svo:

Foreldri, eða forsjármaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktaskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

**6. grein**  
**Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga A-deild**

Grein 13.6.1:

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, frá 22. september 2008, hækkar iðgjald vinnuveitanda í A deild sjóðsins úr 11,5% í 12,0% frá 1. janúar 2009 að telja.

Þriðja málgrein greinarinnar orðast því svo:

Launagreiðendur skuldbinda sig til að greiða til A-deildar það viðbótariðgjald sem nauðsynlegt er til þess að standa undir skilgreindum réttindum í A-deild, sem frá 1. janúar 2009 er 12,0%. Til V-deildar sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildarlaunum. Til V-

deildar sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildarlaunum. Kjósi sjóðfélagi í A-deild að flytja sig eftir að hann hefur verið ráðinn yfir í V-deild sjóðsins, skal iðgjald sjóðfélaga vera 4% og iðgjald launagreiðenda 11,5% af heildarlaunum.

## **7. grein** **Gildistími og gildissvið**

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 12. janúar 2009 þá telst hann samþykktur.

Reykjavík, 18. desember 2008

F.h. samninganefndar LN  
með fyrirvara um samþykki  
Launanefndar sveitarfélaga

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga  
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi  
félagsmanna

## **Bókanir**

með samningi

Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir

og

Félags íslenskra hjúkrunafræðinga

undirrituðum 18. desember 2008

### **Bókun 1**

#### **Endurhæfingarsjóður**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Frá og með 1. desember 2008 munu sveitarfélög, sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga, greiða 0,13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning endurhæfingar í vörslu sveitarfélaganna. Þau munu hefja greiðslu í Endurhæfingarsjóð þegar formleg aðild þeirra hefur verið staðfest.

### **Bókun 2**

#### **Tímabundin viðbótarlaun - þróunarverkefni**

Ákvæði kjarasamnings aðila varðandi þróunarverkefni um tímabundin viðbótarlaun framlengist út samningatímabilið og fellur út við lok þess. Verkefnið heldur því ekki áfram eftir lok samningstímabilsins nema um annað sé samið.

Frá 1. desember 2008 er ein TV-eining kr. 11.000.

### **Bókun 3**

#### **Tjón af völdum sýkinga og/eða smits í starfi**

Samstarfsnefnd aðila mun setja á laggirnar starfshóp í upphafi ársins 2009 til að skoða tryggingamál varðandi bætur vegna smits í starfi og skal niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2009.

# Sérákvæði

## 1. grein

### Röðun í launaflokka og starfaskilgreiningar

Starfsheiti	Lfl. frá 1.12. 2008
Hjúkrunarfræðingur 1	17
Hjúkrunarfræðingur 2	19
Hjúkrunarfræðingur 3	21
Hjúkrunarfræðingur 4	23
Verkefnastjóri 1	23
Verkefnastjóri 2	25
Verkefnastjóri 3	27
Heilbrigðisfulltrúi 1	31
Heilbrigðisfulltrúi 2	34
Deildarstjóri 1	31
Deildarstjóri 2	34
Deildarstjóri 3	37
Deildarstjóri 4	39
Hjúkrunarforstjóri 1	41
Hjúkrunarforstjóri 2	44

#### Starfaskilgreiningar:

##### Hjúkrunarfræðingur 1

Hjúkrunarfræðingur, fyrstu 3 mánuðina í starfi sem hjúkrunarfræðingur. Starfið felst í almennum störfum sem eru unnin undir ábyrgð og leiðsögn reynds hjúkrunarfræðings.

##### Hjúkrunarfræðingur 2

Vinnur almenn hjúkrunarfræðingastörf undir stjórn annarra, vinnur í samvinnu við aðra hjúkrunarfræðinga/sérfræðinga og ber ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart yfirmanni.

##### Hjúkrunarfræðingur 3

Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum þar sem við á.

##### Hjúkrunarfræðingur 4

Starfar sjálfstætt og samhæfir þjónustu margra aðila. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og veitir fræðslu. Leiðbeinir nýju starfsfólki og skipuleggur kennslu nema. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun starfseiningar.

##### Verkefnastjóri 1

Starfið felur í sér umsjón verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu getur falist stefnumótunarvinna og mikil samskipti við aðra starfsmenn og stofnanir. Hefur ekki mannaforráð. Ef hjúkrunarfræðingur gengur einvörðungu kvöld og helgarvaktir raðast viðkomandi sem Verkefnastjóri 1.

##### Verkefnastjóri 2

Felur í sér umsjón umfangsmikilla verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu felst stefnumótunarvinna og mikil samskipti við aðra starfsmenn og stofnanir. Ef einungis einn hjúkrunarfræðingur er í starfi auk forstöðumanns/hjúkrunarforstjóra raðast

viðkomandi sem verkefnastjóri 2 hið minnsta. Umsjón með skólahjúkrun í grunnskóla. Hópstjóri í heimahjúkrun.

### **Verkefnastjóri 3**

Starfið felur í sér umsjón umfangsmikilla verkefna og/eða málaflokka. Hefur forgöngu um faglega stefnumótun í málaflokki og innleiðingu nýjunga í samstarfi við aðra starfsmenn og stofnanir. Umsjón með heilsueflandi heimsóknunum.

### **Heilbrigðisfulltrúi 1**

Sinnir daglegum eftirlitsstörfum og ber faglega ábyrgð. Hefur ekki mannaforráð.

### **Heilbrigðisfulltrúi 2**

Hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á sérsviði stofnunar. Mótar stefnu sviðsins, hefur mannaforráð og umsjón með störfum annarra starfsmanna sviðsins og með þverfaglegum verkefnum.

### **Deildarstjóri 1**

Ber ábyrgð á rekstri og starfsemi deildar, hefur að jafnaði ekki mannaforráð og tekur þátt í stefnumótun.

### **Deildarstjóri 2**

Ber ábyrgð á rekstri og starfsemi deildar eða minni stofnunar, hefur mannaforráð og tekur þátt í stefnumótun. Með minni stofnun er átt við stofnun sem er hluti af heildarþjónustu sveitarfélags á sviði hjúkrunar- eða öldrunarmála og lýtur yfirstjórn deildarstjóra 3.

### **Deildarstjóri 3**

Ber faglega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri og starfsemi stærri deildar eða heimahjúkrunar. Hefur forgöngu um stefnumótun á sviði málaflokks.

### **Deildarstjóri 4**

Ber faglega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri og starfsemi heimaþjónustu fyrir aldraða auk vistunarúrræða fyrir aldraða og/eða rekstri sambýla. Hefur forgöngu um stefnumótun á sviði málaflokks.

### **Hjúkrunarforstjóri 1**

Yfirmaður minni stofnunar, ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á starfsemi stofnunar. Ber ábyrgð á rekstri stofnunar gagnvart stjórn.

### **Hjúkrunarforstjóri 2**

Yfirmaður stærri stofnunar. Faglegur yfirmaður hjúkrunar á stofnun. Ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu stofnunar og fjárhagslega ábyrgð eftir því sem við á.

### **Launaðir staðgenglar**

Formlega skipaður staðgengill yfirmanns sem sinnir starfsskyldum hans að fullu í hans fjarvist, raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

**Fylgiskjöl**  
með samningi  
Launanefndar sveitarfélaga  
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir  
og  
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

undirrituðum 18. desember 2008

**Fylgiskjal 1.**

Gildandi launatafla samkvæmt grein 1.1.1 hækkar á samningstímanum, sem hér segir:  
Frá 1. desember 2008 hækka allar krónutölur í launatöflu um kr. 20.300.

<b>Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga</b>
--

**Gildir frá 1. desember 2008**

	1	2	3
Lfl.	Að 31 ára	Frá 31. árs	Frá 35 ára
15	232.905	240.771	248.929
16	236.094	244.078	252.358
17	239.331	247.435	255.839
18	242.616	250.842	259.372
19	245.951	254.300	262.958
20	249.336	257.810	266.598
21	252.771	261.373	270.292
22	256.258	264.989	274.042
23	259.798	268.659	277.848
24	263.390	272.384	281.712
25	267.037	276.166	285.633
26	270.738	280.004	289.613
27	274.494	283.899	293.652
28	278.307	287.853	297.753
29	282.177	291.867	301.915
30	286.105	295.940	306.139
31	290.092	300.075	310.426
32	294.139	304.271	314.778
33	298.247	308.531	319.195
34	302.416	312.854	323.679
35	306.648	317.243	328.230
36	310.943	321.697	332.848

37	315.303	326.218	337.537
38	319.728	330.807	342.295
39	324.219	335.464	347.125
40	328.778	340.192	352.028
41	333.405	344.990	357.003
42	338.102	349.860	362.054
43	342.869	354.804	367.180
44	347.707	359.821	372.384
45	352.618	364.914	377.665
46	357.603	370.083	383.025
47	362.663	375.330	388.466
48	367.798	380.655	393.989
49	373.011	386.061	399.594
50	378.301	391.547	405.283
51	383.671	397.116	411.058
52	389.122	402.768	416.919
53	394.654	408.505	422.869
54	400.269	414.328	428.907
55	405.969	420.239	435.036
56	411.754	426.238	441.257
57	417.626	432.327	447.572
58	423.586	438.507	453.981
59	429.635	444.780	460.486
60	435.775	451.148	467.089
61	442.007	457.610	473.791
62	448.333	464.170	480.593
63	454.753	470.828	487.498
64	461.270	477.586	494.505
65	467.885	484.445	501.619
66	474.598	491.407	508.838
67	481.413	498.474	516.166
68	488.329	505.647	523.604
69	495.350	512.927	531.154
70	502.476	520.316	538.817
71	509.708	527.816	546.595
72	517.049	535.429	554.489
73	524.501	543.156	562.502
74	532.064	550.999	570.635

## Yfirlýsing

með samningi

### Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir  
og  
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

undirrituðum 18. desember 2008

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík, 18. desember 2008

F.h. samninganefndar LN  
með fyrirvara um samþykki  
Launanefndar sveitarfélaga

F.h. Félags íslenskra hjúkrunafræðinga  
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi  
félagsmanna